

Samskipti í hópum – Gulur-Rauður-Grænn

Nemendur vinna saman í hópum (2-6 saman í hóp). Hver hópur fær eitt grænt blað, eitt rautt og eitt gult eða þrjú hvít blöð sem þau myndskreyta svo með gulu, rauðu og grænu (einn litur á hvert blað). Tilvalið að hafa blöðin í A5 stærð. Hóparnir ræða saman um hvað þeir vilja skrifa á blöðin, allir í hópnum verða að leggja eitthvað til umræðunnar og þau verða að vera sammála um það sem skrifað er niður. Verkefnið snýst um samskipti í bekknum/hópnum

- Á græna blaðið skrifa nemendur það sem þau eru sammála um að sé gott í bekknum sínum (eða hópnum ef þetta er gert t.d. í félagsmiðstöð) og þau vilja halda áfram að gera eða passa uppá.
 - Dæmi um það gæti t.d. verið „Við sýnum alltaf hvert öðru virðingu“ „Þegar við hittumst utan skóla þössum við að skilja engan útundan“ o.s.frv.
- Á gula blaðið skrifa nemendur það sem þeim finnst að mætti skoða betur
 - Dæmi um það gæti t.d. verið „Við gætum reynt að hlusta betur á hvert annað“ „Við gætum verið duglegri að hrósa hvert öðru“
- Á rauða blaðið skrifa nemendur það sem þau vilja stoppa
 - Dæmi um það gæti t.d. verið „Við ættum að hætta að nota blótsyrði og kalla hvert annað ljótum nöfnum, þó það sé sagt í gríni“ „Við ættum að hætta að hlæja og gera grín að þeim sem gera mistök“

Einn úr hverjum hópi les upp af blöðum hópsins og annar úr hópnum tekur blöðin og hengir upp á vegg. Öll grænu blöð hópsins eiga að vera saman, öll gulu og öll rauðu. Kennari ræðir svo við nemendur hvað er að koma í ljós... hvað er gott í bekknum, hvað vilja þau gera betur og hvaða hegðun eða samskipti eru þau sammála um að þurfi að stoppa? Kennari hvetur þau svo til að fara eftir eigin „ráðleggingum“ til að bæta samskiptin.

*Það er tilvalið að gera þetta verkefni enn myndrænna t.d. með því að klippa blöðin út eins og laufblöð, grænu laufblöðin fá að hanga á tré sem bekkurinn setur upp á vegg, gulu laufblöðin geta verið að falla og rauðu eru fallin og liggja við rætur trésins. Einnig væri hægt að setja þetta upp eins og umferðarljós ... teikna stórt umferðarljós á maskínupappír og skrifa inn á græna ljósið allt sem nemendur vilja hafa og gera betur, á gula ljósið allt sem þarf að skoða betur og á rauða ljósið það sem er bannað og þau vilja stoppa.

